





GREIÐSLUÞJÓNUSTUVEITENDUR

1. útgáfa

Efnisyfirlit

Inngangur	4
Lög nr. 114/2021 um greiðsluþjónustu	5
V. kafli. Réttindi og skyldur í tengslum við veitingu og notkun greiðsluþjónustu	5

Inngangur

Um greiðsluþjónustu gilda lög nr. 114/2021, um greiðsluþjónustu. Þá gilda jafnframt reglugerðir og reglur sem settar eru á grundvelli fyrrgreindra laga.

Eitt af hlutverkum Fjármálaeftirlitsins er að veita almennar leiðbeiningar og lýsa almennri afstöðu stofnunarinnar til túlkunar og fyllingar lagareglna sem gilda um starfsemi eftirlitsskyldra aðila og um fjármálamarkaðinn.

Fjármálaeftirlitið gefur út spurningar og svör til að auka gagnsæi um framkvæmd eftirlits og jafnframt veita eftirlitsskyldum aðilum og öðrum sem efnið varðar meira öryggi við beitingu laga og reglna. Svör við fyrirspurnum sem Fjármálaeftirlitinu berast eru birt hér ef svörin eru talin hafa almenna skírskotun og þannig eiga erindi við fleiri en fyrirspyrjanda. Einnig birtir Fjármálaeftirlitið spurningar og svör verði eftirlitið þess áskynja að leiðbeininga eða túlkana er þörf um starfsemi eftirlitsskyldra aðila eða um fjármálamarkaðinn.

Skjalið verður endurskoðað reglulega og nýjum spurningum og svörum bætt við eftir þörfum.

Lög nr. 114/2021 um greiðsluþjónustu

V. kafli. Réttindi og skyldur í tengslum við veitingu og notkun greiðsluþjónustu.

D. Greiðsluvirkjun og reikningsupplýsingaþjónusta.

Spurning 1: Getur viðskiptavinur greiðsluvirkjanda nýtt þjónustu hans til að greiða ógreidda reikninga (kröfur), sem birtast í netbanka eða appi viðskiptabanka viðskiptavinar?

Svar 1: Viðskiptavinur greiðsluvirkjanda, á rétt á því að greiða allar þær greiðslur, sem hann getur greitt milli-liðalaust í sínum netbanka eða banka-appi, sbr. 66. gr. laga nr. 114/2021 um greiðsluþjónustu (grpl.), þar á meðal kröfur, sem birtast í netbanka eða appi viðskiptabanka viðskiptavinar, fyrir milligöngu greiðsluvirkjandans.

Með 66. gr. grpl. er innleidd 66. gr. tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2015/2366 um greiðsluþjónustu á innri markaðnum (PSD2). Í 1. mgr. 66. gr. grpl. segir: „Greiðandi sem á greiðslureikning sem er aðgengilegur á netinu á rétt á að nýta sér greiðsluvirkjun, sbr. g-lið 22. tölul. 3. gr., og reikningsupplýsingaþjónustu, sbr. h-lið 22. tölul. 3. gr.“

European banking authority (EBA) hefur birt álit¹ á framseldri reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2018/389, sem var innleidd í íslenskan rétt með reglum nr. 1220/2021 um sterka sannvottun viðskiptavina og almenna og örugga opna staðla vegna samskipta í greiðsluþjónustu. Í 29. tölulið er að finna eftirfarandi álit EBA á gildi tæknistaðalsins hvað varðar heimildir greiðsluvirkjanda til að framkvæma greiðslur fyrir hönd notanda greiðsluþjónustu:

„Given that PSD2 does not limit the types of payment transactions a PISP is allowed to offer, and given the provisions in Articles 4(15) and 66(1) of PSD2 in particular, the EBA would like to clarify that a PISP has the right to initiate the same transactions that the ASPSP* offers to its own PSUs, such as instant payments, batch payments, international payments, recurring transactions, payments set by national schemes and future-dated payments.“

Það leiðir því af 1. mgr. 66. gr. grpl. að greiðsluvirkjendur eiga að geta virkjað greiðslur vegna þeirra ógreidda reikninga (krafna) sem birtast í netbanka eða appi viðskiptabanka notanda greiðsluþjónustu.

¹ Opinion on the implementation of the RTS on SCA and CSC (EBA-2018-Op-04).pdf (europa.eu)

